

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



| | | | |
|----------------------------|--------------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 8.9.2014 | Fulltrúi UST | Gottskálk Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Malbikunarstöð Akureyrar | Fulltrúi UST | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | v/ Súluveg (Miðhúsavegi) | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 4101696229 | Flokkur | Malbik |
| Fulltrúi fyrirtækis | Tómas Björn Hauksson | ÍSAT nr. | 26.82.9 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jón og Árni | Staðsetning | 539861,247 575194,992 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við malbikunarstöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Sest var niður með fulltrúum rekstraraðila og kynntar breytingar sem Umhverfisstofnun er að brydda upp á með tilflutningi eftirlitsmanna í störfum og einnig umbunarkerfi fyrir frávíkalaus fyrirtæki.

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi með fulltrúum rekstraraðila. Gagnaskil eru með ágætum og mælingar á losun mengunarefna berast árlega. Mælt er í útblæstri í skorsteini og í frárennsli aftan olúskilju fyrirtækisins. Góður árangur hefur náðst og síðustu mælingar eru vel undir losunarmörkum í starfsleyfi. Olía í frárennsli eftir olúskilju mældist 7,9 mg/kg (losunarmörk 15 mg/kg) og ryk í útblæstri mældist 12,1 mg/Nm³ (losunarmörk 100 mg/Nm³).

Niðurstöður hávaðamælinga á lóðarmörkum skulu berast á árinu.

Áætlun til þess að viðhalda góðum rekstri rykhreinsibúnaðar og áætlun til þess að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði eru til staðar. Einnig hefur borist viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðamengunar.

Útbúin hafa verið skráningarblöð til skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í mengunarvarnarbúnaði (rykhreinsibúnaði og olúskilju) ásamt skráningarblaði fyrir skráningar á hugsanlegum mengunaróhöppum og kvörtunum sem berast vegna starfsemi fyrirtækisins.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um athafnasvæðið og var það snyrtilegt yfir að líta.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð.

Reykjavík, 18.09.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.